

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1180 2022/EES/72/62**frá 11. janúar 2022****um leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (1), einkum 2. og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 (2) er að finna villu í breyttum B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB.
- 2) Ákvæði B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB, eins og henni var breytt með framseldri reglugerð (ESB) 2020/411, undanskilja ekki reglu 8.1 frá gildissviði viðkomandi hluta alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu, sem gerður var í London 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), með áorðnum breytingum, að því er varðar farþegaskip í flokkum B, C og D.
- 3) Við samningaviðræður að drögunum að framseldri reglugerð (ESB) 2020/411 voru sérfræðingar sammála um að kröfur um að geta siglt til hafnar með öruggum hætti, samkvæmt reglu 8.1 í B-hluta í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, ættu ekki að gilda um farþegaskip í flokkum B, C og D þar sem það væri óhóflegt miðað við þær aðstæður sem skip, sem falla undir þá flokka, starfa við.
- 4) Því ætti að leiðrétta tilskipun 2009/45/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB kemur eftirfarandi:

„B-HLUTI — STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI

Skip skulu uppfylla kröfurnar í viðeigandi ákvæðum B-hluta til B-4, kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, að undanskilinni reglu 8.1.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 frá 19. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum (Stjttíð. ESB L 83, 19.3.2020, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
